

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar, nr. 991/2020.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. samþykktarinnar:

Á eftir 4. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Ef meirihluti bæjarstjórnar samþykkir og sérstakar aðstæður eru uppi í samfélaginu, sem gera bæjarfulltrúum ekki kleift að hittast, er heimilt að halda bæjarstjórnarfundi með rafrænum hætti þannig að allir bæjarfulltrúar taki þátt með rafrænum hætti.

Bæjarfulltrúum er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum bæjarstjórnar og nefnda og ráða á vegum Vestmannaeyjabæjar, sbr. 5. mgr. Þegar bæjarfulltrúar taka þátt í fundi með rafrænum hætti skulu þeir vera staddir í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum Vestmannaeyjabæjar hafa sömu heimildir og bæjarfulltrúar skv. 6. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um fjarfundi sveitarstjórna og leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 2. gr.

47. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur bæjarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela nefnd, ráði eða stjórn eða einstaka starfsmönnum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinnna mála sem ekki varða verulega fjárhagslegar skuldbindingar eða teljast veruleg breyting á stefnu bæjarstjórnar nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu, eða þriðjungur hlutaðeigandi nefndar eða ráðs sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu, getur farið fram á að bæjarstjórn, bæjarráð eða viðkomandi nefnd taki ákvörðun í máli.

Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu embættismanna í viðauka við samþykkt þessa, en viðkomandi fagnefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra. Þessi heimild hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir starfsfólks bæjarfélagsins til töku ákvarðana sem varða daglegan rekstur og þjónustu bæjarfélagsins og teljast leiða af stöðumboði þeirra.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1. eða 2. mgr. til bæjarráðs, sbr. nánari ákvæði í viðaukum við samþykkt þessa.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

#### 3. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 15. febrúar 2022.*

F. h. innviðaráðherra,

**Guðni Geir Einarsson.**

*Hafdís Gísladóttir.*